

Mál nr. 23/2007

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar a
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

Áræktur á gatnamótum Túngötu og Suðurgötu í Reykjavík þann 19.11.2006.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 24.1.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 1.2.2007.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið norður Suðurgötu að gatnamótum Túngötu og beygt til vinstri áleiðis vestur Túngötu. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið til austurs niður Túngötu að gatnamótum Suðurgötu. Á gatnamótunum rákust saman vinstri hlið A og framendi B. Hálka og snjór var á akbrautinni. Á Suðurgötu hvílir biðskylda gagnvart umferð á Túngötu. Túngötu hallar niður til austurs í átt að Suðurgötu.

Ökumaður A kvaðst hafa ætlað að beygja til vinstri upp Túngötu til vesturs. Hann hafi hinkrað við biðskyldumerki og séð til ferða B niður Túngötu með stefnumerki til hægri. Hann hafi þá tekið beygjuna upp Túngötu, en þá hafi B runnið í hálkunni og lent í vinstri hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 30-35 km hraða á klst. niður Túngötu og ætlað að beygja til hægri á gatnamótum Suðurgötu. Hann hafi gefið stefnumerki um 25 m áður en hann ætlaði að beygja, en þegar hann ætlaði að draga úr hraða hafi B runnið í hálkunni um 10 m og rekist á A.

Álit.

Ökumaður A hafði biðskyldu gagnvart umferð á Túngötu. Með hliðsjón af hinum slæmu akstursskilyrðum, sem þarna voru, bar honum að gæta ýtrustu varúðar er hann ók inn á götuna. Á því varð misbrestur og ber hann sök á árekstrinum. Ökumaður B ók allt of hratt niður götuna miðað við aðstæður og hafði af þeim sökum ekki stjórn á bifreiðinni. Á hann einnig sök á því hvernig fór. Eftir aðstæðum öllum þykir rétt að hvor ökumanna beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 27. febrúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.